



Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus.

Ritstjórar: Amalía Björnsdóttir, Puriður Jóna Jóhannsdóttir, Auður Magnús Auðardóttir, Jón Ingvar Kjarran og Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir.

Katrín Valdís Hjartardóttir annaðist verkefnisstjórn útgáfunnar fyrir hönd Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands.

Líkt og önnur vísindi þá eru rannsóknir á sviði menntunar leiddar af eldhugum og hugsjónafólki sem brenna fyrir því að skilja hvaða öfl stjórna hvernig við þroskumst, lærum og menntumst. Einn þeirra sem hefur lagt sitt lóð ríkulega á vogarskálar er Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Í þessu heiðursriti birtast, alls 24 fræðigreinar eftir 38 fræðimenn af sviði menntavísinda, kennslufræði, heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, náms- og starfsráðgjafar, fötlunarfræði og sálfræði. Þau fjölbreyttu og ólíku sjónarhorn sem birtast í greinunum endurspeglar hve djúpar rætur fræðimannsins og rannsakandans Jóns Torfa eru. Höfundar hvetja okkur á ýmsa vegu til samtals og ígrundunar um framtíð menntunar og ábyrgð okkar á henni. Í inngangi fjallar Kolbrún Þ. Pálsdóttir um háskólamanninn og rannsakandann Jón Torfa, kynnir helstu viðfangsefnin sem hann hefur fengist við og endurspeglar í ritinu, og færir honum þakkir fyrir dýrmætt framlag til menntavísinda og ákaflega farsælt samstarf.

Inngangur

Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs

Mér fannst forvitnilegast að grafast fyrir um það hvort einhverjir bæru ábyrgð á skólakerfi okkar og hvort ég gæti fundið út á hverju þeir ættu að bera ábyrgð og hvort þeim væri kleift að bera hana. (Jón Torfi Jónasson, 1992, bls. 145)

Líkt og önnur vísindi þá eru rannsóknir á sviði menntunar leiddar af eldhugum og hugsjónafólki sem brenna fyrir því að skilja hvaða öfl stjórna hvernig við þroskumst, lærum og menntumst. Einn þeirra sem hefur lagt sitt lóð ríkulega á vogarskálar er Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands. Líkt og heiðursrit þetta ber vott um þá hefur Jón Torfi komið að rannsóknum á nánast öllum sviðum menntunar og menntakerfis. Verk hans spanna öll skólastig, allt frá leikskóla og að háskóla, fullorðinsfræðslu, símenntun og starfsnámi, og hann hefur sinnt rannsóknum, kennslu, fræðslu og ráðgjöf um árabil. Í raun má segja að Jón Torfi hafi verið í samtali við samfélagið um mennta- og skólamál allan sinn starfsferil. Fyrir nokkrum árum skipulagði hann, í samvinnu við Ævar Kjartansson, einnig ákaflega áhugaverða útvarpsþætti um menntamál sem ætlaðir voru bæði almenningi og fagfólki, enda telur Jón Torfi að við eigum öll að láta okkur varða tilgang og framtíð menntunar.

Hópur félaga og samstarfsfólks kallaði eftir greinum í rit til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni vorið 2021. Í samráði við Jón Torfa var ákveðið að setja þar fram eftirfarandi texta:

Meðal brýnustu verkefna nútímans er að skoða eða endurskoða hvernig menntakerfi og daglegt skólastarf stilla strengi sína í ljósi mikilla og sífellt hraðari breytinga af öllu mögulegu tagi. Er mikilvægt að breyta skólastarfi eða jafnvel ólíkum þáttum menntakerfanna sjálfra vegna slíkrar þróunar? Ef svo, hverjar ættu slíkar breytingar að vera – eða hvers vegna er ekki nauðsynlegt að breyta svo miklu og hverju ætti ef til vill alls ekki að breyta?

Þessum spurningum er hægt að svara frá ýmsum sjónarhornum og bakgrunnur svarsins getur verið æði margvíslegur. Hægt er að ganga út frá tilteknum viðfangsefnum, tilteknum afmörkuðum tilgangi skólastarfs, ólíkum skólastigum eða byggja á annars konar fræðilegri, praktískri eða óhefðbundinni nálgun. (Úr tölvupósti 10. maí 2021)

Afraksturinn birtist í vefriti þessu, alls 24 fræðigreinar eftir 38 fræðimenn af sviði menntavísinda, kennslufræði heimspeki, sagnfræði, félagsfræði, náms- og starfsráðgjafar, fötlunarfræði og sálfræði. Þau fjölbreyttu og ólíku sjónarhorn sem birtast í greinunum endurspeglar hve djúpar rætur fræðimannsins og rannsakandans Jóns Torfa eru. Um leið má segja að ritið í heild sé óður til menntunar og menntakerfa, þar sem höfundar hvetja okkur á ýmsa vegu til samtals og ígrundunar um framtíðina og ábyrgð okkar á henni.

Í þessum inngangi mun ég leitast við að kynna fræðimanninn Jón Torfa Jónasson og varpa um leið ljósi á helstu viðfangsefnin sem hann hefur fengist við á sviði menntunar. Gefið verður stutt yfirlit yfir ævi og störf Jóns Torfa, og síðan fjallað um nokkur meginviðfangsefni sem greinarnar í ritinu endurspeglar. Í síðari hluta inngangsins fjalla ég um tvö viðfangsefni sem Jón Torfi hefur tekið þátt í að koma rækilega á dagskrá, annars vegar þróun kennaramenntunar og hins vegar hlutverk menntarannsakenda og þau margþættu gögn sem áhersla er lögð á að stýri menntun og áherslum skólastarfs. Ég vona að lesendur hafi gagn og gaman af þessari yfirferð.

Hver er Jón Torfi?

Jón Torfi Jónasson er fæddur í Reykjavík árið 1947 og ólst upp á Melunum í Vesturbænum, gekk í Melaskóla, Hagaskóla og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hann útskrifaðist með doktorsgráðu í þroskasálfræði frá Reading-háskóla í Englandi árið 1980 og bar doktorsverkefni hans heitið *What is in a word? A study on word recognition*. Ritgerðin fjallar um orðskynjun og lestur, en þessi viðfangsefni eru einmitt mikið í deigluinni nú um stundir. Áður hafði Jón Torfi lokið BSc-prófi í eðlisfræði frá Edinborgarháskóla árið 1972 og síðan MSc-námi í tilraunasálfræði frá Sussex-háskóla. Af þessu má ráða að Jón Torfi er raunvísindamaður í grunninn en hugur hans beindist snemma að námi og menntun. Hann segir sjálfur frá því að menntun hafi verið hugðarefni foreldra sinna (Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2011), en þau voru Jónas B. Jónsson, kennari og fræðslustjóri í Reykjavík, og Guðrún Ö. Stephensen, húsmóðir í Reykjavík. Það má leiða að því líkum að menntamál hafi iðulega verið rædd við eldhúsbörðið. Jón Torfi var ráðinn lektor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands sama ár og hann lauk doktorsprófi. Var það mikil gæfa háskólans að fá Jón Torfa til starfa. Hann tók að sér margs konar ábyrgðarstörf, og sat m.a. í kennslumálanefnd, fjármálanefnd, vísinda- og tækniráði, endurmenntunarnefnd, og var að auki um tíma deildarforseti Félagsvísindadeildar. Á sínum langa og farsæla starfsferli tók Jón Torfi þátt í miklum mótunartíma á sviði félags- og menntavísinda, fyrst við uppbyggingu náms og rannsókna í uppeldis- og menntunarfræði, og síðar þegar hann var ráðinn fyrsti forseti Menntavísindasviðs í kjölfar sameiningar Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands árið 2008. Því starfi gegndi hann til ársins 2013, og var síðan prófessor við kennaradeild Menntavísindasviðs fram að formlegum starfslokum árið 2017. Eitt af því sem einkennir Jón Torfa er hve áhugasamur og kreddulaus hann er og tilbúinn að starfa af heilindum með öllu fólki, ekki síst þeim sem bera ábyrgð á framkvæmd skólastarfs og menntunar. Hann hefur starfað náið með fagvettvangi, kennurum og öðru starfsfólki skóla, stjórnvöldum ríkis og sveitar, kennaraforystunni, fagfélögum og öðrum sem láta sig menntun varða, bæði hérlendis og erlendis. Jón Torfi hefur setið í fjölmörgum nefndum á vegum menntamálaráðuneytis og hefur einnig unnið með Reykjavíkurborg að mótun og innleiðingu menntastefnu. Á erlendum vettvangi hefur hann meðal annars unnið með Evrópuráðinu, ýmsum fag- og kennarafélögum á Norðurlöndum og síðustu árin verið í miklu

samstarfi við fagsamtök kennara og skólustjórnenda í Kanada. Því fer fjarri að hann hafi sest í helgan stein, þvert á móti virðist starfsorka Jóns Torfa óþrjótandi, hann er virkur í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, birtir fræðigreinar og tekur af krafti þátt í umræðu um menntamál, og bryddar iðulega upp á ferskum og ögrandi hugmyndum.

Lengi býr að fyrstu gerð: Leik- og grunnskólar

Jón Torfi skrifaði um sögu og þróun leikskólastigsins í bók sem kom út árið 2006 og bar heitið *Frá gæslu til skóla: Um þróun leikskóla á Íslandi*. Með bókinni setti Jón Torfi fram afar gagnlega greiningu á kerfislægri þróun leikskólans, sem þróaðist frá dagvistarheimili og skyldum stofnunum yfir í að verða fyrsta skólastigið með lögum árið 1995. Meðal annars sýndi hann fram á hvernig mætti greina ákveðið kerfisrek og bókrek í þróuninni þar sem í opinberri umræðu um leikskólann var lögð áhersla á að innan hans færi fyrst og fremst fram undirbúningur undir nám í grunnskóla, eitthvað sem leikskólakennarar og fræðimenn á sviðinu hafa iðulega bent á að sé mikil einföldun á því umfangsmikla námi og menntun sem þar fer fram og hefur gildi í sjálfu sér. Fyrsti hluti heiðursritsins inniheldur greinar sem á einn eða annan hátt fjalla um starfsemi leik- og grunnskólastigsins. Jóhanna Einarsdóttir og Anna Magnea Hreinsdóttir ríða á vadið með greininni „Þróun leikskóla á Íslandi: Samtal við skrif Jóns Torfa Jónassonar“ og benda á, eins og Jón Torfi hefur iðulega gert í sínum verkum, að því miður sé töluvert bil á milli stefnu stjórnvalda og þess veruleika sem starfsfólk og börn í leikskóla búa við. Ingvar Sigurgeirsson skrifar greinina „Framsækið skólastarf – vegvísar til framtíðar“ og kynnir mörg íslensk dæmi skólastarfs þar sem kennarar og nemendur ryðja nýjar brautir og hugsa saman út fyrir boxið. Grein Ingvars er ákall til skólafólks, ekki síst kennara og skólustjórnenda, um að tileinka sér framsækna nálgun enda ýti hún undir hæfni og þekkingu sem sé nauðsynleg á 21. öldinni. Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir skrifa því næst um mikilvægi þess að fræða og þjálfva börn og ungmenni í að þekkja og virkja réttindi sín og annarra í greininni „Áherslur á mannréttindi í skólastarfi: Innsýn í aðferðir réttindaskólans“. Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Svava Pétursdóttir segja frá samstarfs- og þróunarverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um stafræna hæfni í skólastarfi í greininni „Stafræn hæfni: Gagnsemi sjálfsmatsverkfæra og leiðarlykla í skólaþróun“. Þær leggja áherslu á að athygli, mat og stuðningur við stafræna hæfni séu nauðsynleg á tíma þar sem kallað er eftir breytingum og kynna til sögunnar alþjóðlega matstækið SELFIE sem geti nýst kennurum ákaflega vel. Þá greinir Helgi Skúli Kjartansson frá þróun á skólagöngu íslenskra ungmenna og ber saman stöðu drengja og stúlkna, og innri og ytri áhugahvata þeirra til náms og starfa. Í greininni „Stutt nám handa stelpunum: Um hömlur á menntasókn íslenskra stúlkna á 20. öld“ varpar Helgi Skúli ljósi á hugmyndir hvers tíma um hlutverk kynjanna og vitnar höfundur um sína eigin persónulegu reynslu, sem og reynslu annarra, af þeirri aðgreiningu sem samfélagið hefur gegnum tíðina gert á kynjunum.

Sigurður J. Grétarsson og Einar Guðmundsson skrifa greinina „Sálfræði í skólastarfi“ og fjalla um mikilvægi þess að efla stöðu og hlutverk skólasálfræðinga á Íslandi, ekki síst í ljósi skóla án aðgreiningar. Kallað er eftir aukinni samvinnu við skólasamfélagið um rannsóknir á námi, áhuga og þroska og færð rök fyrir að skólasálfræði og rannsóknir innan þroskasálfræði eigi að nýta af mun meiri krafti í skólastarfi. Þá er fjallað um mikilvægi þess að styðja við grunnskólakennara til að laga kennslu að fjölbreytilegum þörfum nemenda í greininni „Þættir sem hafa áhrif á möguleika grunnskólakennara til að styðja við börn með námserfiðleika og fjölþættan vanda“. Sigrún Harðardóttir, Ingibjörg Karlsdóttir og Alex Björn Stefánsson rannsökuðu viðhorf grunnskólakennara árin 2018–2019 með það að markmiði að kanna viðhorf þeirra og reynslu af stuðningi við börn með námserfiðleika og fjölþættan vanda í grunnskólum. Í ljós kom að einungis um helmingur kennara taldi að sér gengi vel að laga námið að þörfum nemenda. Helstu ástæður góðs gengis voru mikil starfsreynsla, góður stuðningur frá samstarfsfólki og hæfilegur fjöldi nemenda í bekk.

Svo tekur framhaldsskólinn við

Jón Torfi hefur lengi rannsakað framhaldsskólann og hefur komið að rannsóknum á starfsmenntun, stjórnun framhaldsskóla, áhrif háskóla á framhaldsskólann og almenna og sértæka þróun

skólastigsins. Ekki síst hefur hann rannsakað brotthvarf nemenda úr framhaldsskólum og velt upp mikilvægum grundvallarspurningum um hlutverk framhaldsskólans. Fjórar greinar í heiðursritinu fjalla sérstaklega um hlutverk framhaldsskólans.

Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson ríða á vaðið með grein sinni „Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001–2021“. Rannsókn þeirra sýnir fram á að þó að ungmenni af erlendum uppruna séu líklegri til að hverfa frá námi, þá sýni gögnin að ungmenni sem fædd eru erlendis en hafa stundað skólagöngu frá upphafi grunnskóla hér á landi sækja framhaldsskóla í svipuðum mæli og ungmenni fædd á Íslandi. Þá eru drengir mun líklegri en stúlkur til að hverfa frá námi og er kallað eftir frekari rannsóknum á því. Kristjana Stella Blöndal og Elva Björk Ágústsdóttir færa fyrir því rök í greininni „Skuldbinding nemenda og tengsl við kennara í framhaldsskóla“ að öllu skipti að nemendur upplifi skuldbindingu og tengsl gagnvart skólanum, kennurum og samnemendum. Stór hópur nemenda samsami sig ekki innan skólanna og þar þurfi að bregðast við með því að skapa umhverfi sem stuðli að virkni, vellíðan og gleði sem flestra innan skólasamfélagsins. Elsa Eiríksdóttir skrifar um „Áskoranir starfsmenntunar: Aðgengi starfsmenntanema að háskólanámi“ og sýnir fram á að hlutdeild starfsnámsnema í háskólanámi hefur verið lítil þrátt fyrir stækkun háskólastigsins og ekki er ljóst hvort það stafi af kerfislægum hindrunum, skorti á tækifærum eða áhugaleysi gagnvart því námi sem hefur verið í boði. Áhrif COVID-19 og framtíð framhaldsskólstarfs eru til umfjöllunar í grein Guðrúnar Ragnarsdóttir og Súsönnu Margrétar Gestsdóttir í greininni „Togstreita og andstæð sjónarmið: Sýn kennara og skólastjórnenda á þróun framtíðarmöguleika framhaldsskólans“. Niðurstöður þeirra sýna áhugaverða reynslu kennara og skólastjórnenda sem staddir voru í óvæntu breytingaferli og kallað er eftir að hugmyndir skólafólks vegi þyngra í samræðu um þróun og framtíðarmöguleika skólastigsins.

Veita háskólar æðri menntun?

Heiðursrit til handa háskólamanninum Jóni Torfa Jónassyni hlýtur að fjalla um stöðu og markmið háskóla. Eitt helsta hugðarefni hans um árabíl hefur verið mikilvægi háskóla í nútímasamfélagi og þau margþættu hlutverk sem honum er ætlað að sinna. Meðal annars sá hann fyrir þá miklu fjölgun nemenda sem hefur raungerst á háskólastiginu, aukna sókn fólks í háskólagráður og kröfuna um mun sterkara samband milli háskóla, samfélags og atvinnulífs (Jón Torfi Jónasson, 1990). Jón Torfi sat m.a. merkan fund í Bologna árið 1999, þar sem Bologna-samþykktin var undirrituð, en hann hefur sagt mér að Páll Skúlason hafi í kjölfarið átt þátt í að Magna Charta samtökin ákváðu að hefja ritröð þar sem fjallað væri um sérstakt hlutverk og stöðu háskólans í síbreytilegu samfélagi. Var Jóni Torfa falið að skrifa um eðli og breytingar háskóla, en um þetta höfðu þeir Páll mikið rætt. Afraksturinn varð *Inventing Tomorrow's University: Who is to Take the Lead?* (2008). Þar er að finna skörp rök fyrir mikilvægi þess að háskólar standi vörð um sjálfstæði sitt og akademískt frelsi, um leið og þeir sinni af festu ábyrgð á menntun fjölmargra starfsstétta og öflugum rannsóknum sem borgarar geti átt aðild að. Eigi þeir að breytast sé farsælast að þær breytingar komi innan frá.

Átta greinar koma á einn eða annan hátt inn á hlutverk háskólastigsins. Í greininni „Háskóli fyrir alla“ eftir Kristínu Björnsdóttur, Ólaf Pál Jónsson og Guðrúnu V. Stefánsdóttur er fjallað um háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun á Menntavísindasviði og þær hindranir sem upp hafa komið við þróun þess náms. Bent er á að inngildandi háskólanám sé sannarlega eftirsóknarvert en geri miklar kröfur um gæði náms og kennslu. Tryggvi Thayer fjallar um áhrif framtíðafræða og framsýnisáætlana á menntakerfi og mótun menntastefnu til lengri tíma í greininni „Framsýni og menntakerfi: Mótun menntastefnu með framtíð að leiðarljósi“. Meginniðurstöður hans sýna fram á mikilvægi þess að framsýnisáætlarnir séu vandlega undirbúnar með tilliti til vals á þátttakendum, miðlun upplýsinga um markmið áætlana og fræðslu um tilgang og aðferðir framtíðafræða. Valgerður S. Bjarnadóttir fjallar því næst um tilgang og framtíð menntunar í ljósi stefnumörkunar OECD og UNESCO til 2030, en þessar tvær alþjóðlegu stofnanir hafa margvísleg áhrif á áherslur stjórnvalda um menntamál. Hún bendir meðal annars á að í stefnu OECD, ólíkt stefnu UNESCO, er þögn um þau sem ekki hafa öruggt aðgengi að menntun og búa við brothætt lífsskilyrði. Vilhjálmur Árnason skrifar um „Lýðræðishlutverk háskóla og áskoranir samtímans“ en þar er leitað svara við spurningunni hvernig

háskólar geti best þjónað lýðræði í samtímanum sem einkennist af upplýsingaóreiðu, ófrjálslyndum hugmyndum og viðskiptavæðingu á flestum sviðum. Pascale Mompoint-Gaillard gerir að umræðuefni hugmyndir Jóns Torfa um tregðu menntakerfa til að taka breytingum (Jón Torfi Jónasson, 2016) í greininni „Responding to obstacles to educational change“. Þar veltir hún fyrir sér hvernig skapa megi lærdómssamfélög kennara og fagfólks í stafrænu umhverfi til að ígrunda saman og hugsa nýjar leiðir á sviði menntunar. Hafdís Guðjónsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir, Karen Rut Gísladóttir, Edda Óskarsdóttir og Anna Katarzyna Wozniczka rannsaka gildi meistaraþrófsverkefna í greininni „Gildi meistaraþrófsverkefna fyrir fagmennsku uppeldisstétta: Reynsla útskrifaðra meistaranema“ og færa fyrir því rök að mikilvægt sé að halda á lofti gildi þess að kennaranemar vinni að rannsóknartengdu lokaverkefni í meistaranámi sínu, en frá því að Master of Teaching (MT-nám) var innleitt árið 2020 hefur kennaranemum sem ljúka M.Ed.-námi fækkað verulega. Var það er ljósi á reynslu háskólakennara af að rýna í eigin kennslu í greininni „Þetta hefur opnað dyr“ eftir Önnu Ólafsdóttur og Guðrúnu Geirsdóttur. Færð eru rök að því að eigi að efla og þróa kennsluhætti innan háskóla skipti miklu máli að háskólakennarar fái fræðslu og stuðning í kennslufræði háskóla.

Leitin að skilningi: Heimspeki menntunar

Þau sem þekkja og hafa unnið með Jóni Torfa vita að í honum sameinast afskaplega margir góðir eiginleikar fræðimanns og hugsuðar. Hann hugsar vítt og breitt, gagnrýnið og skapandi og hlustar líka vel eftir röddum annarra, ferðast um sögu hugmynda og samfélags fyrirfram óbundinn. Hugmyndir Forn-Grikkja og heimspekinga um eiginlegan tilgang menntunar hafa verið honum hugleiknar og ef til vill kveikjan að þekkingarleitinni sem hefur einkennt ævistarf hans. Í ritinu er að finna sex greinar þar sem kafað er í mannlega tilvist og menntun út frá heimspeki, listum, bókmenntum, sagnfræði og fötlunarfræði. Í greininni „Sem allra mest af þokkafullum ilmi“ beinir Atli Harðarson sjónum okkar að ljóðinu „Íþaka“ eftir Konstantinos P. Kavafis (1863–1933) og birtir þýðingu sína á ljóðinu. Í ljóðinu fjallar Kavafis um mögulegar leiðir til menntunar með vísun í Ódysseifskviðu. Í grein sinni „Að varðveita heiminn: Hannah Arendt og menntakrísan“ veltir Eva Harðardóttir fyrir sér hlutverki menntunar og skólastarfs í síbreytilegum heimi út frá grein Arendt „The Crisis in Education“. Hún fjallar um nokkrar lykilhugmyndir sem þar koma fram, eins og hvað felst í hugmyndinni að varðveita heiminn, að tilheyra samfélagi og að bregðast við krísu, auk þess að máta hugmyndir Arendt við nýlegri stefnur og strauma sem snúa að menntun til hnattrænnar borgaravitundar. Guðrún V. Stefánsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon fjalla um atriði úr sjálfsævisögu Bjargeyjar Kristjánsdóttur (1927–1999) í greininni „Bíbí í Berlín uppfrædd og fermd“. Þar varpa þau ljósi á barnæsku Bibíar eins og hún birtist í sjálfsævisögunni og afhjúpa söguleg viðhorf og jaðarsetningu sem enn þann dag í dag setja því miður mark sitt á skólagöngu og tilveru fatlaðs fólks. Hafþór Guðjónsson beinir athygli sinni að Dewey og hugtakinu transaction, eða samvirkni í grein sinni „Hugtakið samvirkni í heimspeki Deweys“. Hafþór segir Dewey veita nýja tilverusýn með þessu hugtaki, þar sem hann rjúfi deildaskiptingu í mannshugann annars vegar og heiminn þar fyrir utan hins vegar með þeim afleiðingum að maðurinn hættir að vera áhorfandi að „heiminum þarna úti“, en verður í staðinn hluti af og virkur þátttakandi í þeim eina heimi sem er.

Jón Ásgeir Kalmansson bregst í „Listin að spyrja“ við ákalli Jóns Torfa um aukna umræðu um eðli menntunar. Hann varpar ljósi á mikilvægi athyglinnar og íhugunar þegar rýnt er í grunnþætti menntunar og fjallar um gildi grundvallarspurninga um eigið hlutverk og merkingu grunnhugtaka eins og kennslu og menntunar. Í greininni „Ljóð, sögur og lifandi hugsun“ heldur Ólafur Páll Jónsson því fram að ein ástæða fyrir jaðarsetningu samræðna sem kennsluáðferðar sé að námsefni sé gjarnan svo dautt og leiðinlegt að það geti alls ekki vakið upp samræður og haldið þeim á lífi. Hann kallar eftir að námsefnishöfundar og kennarar nýti í auknum mæli sögur og ljóð sem hjálpi okkur að tengjast heiminum, skynja hann og skilja.

Fjölbreytt og ævilöng menntun kennara

Jón Torfi er einn af þeim fræðimönnum hérlendis sem hafa tekið virkan þátt í alþjóðlegum rannsóknnum og faglegru umræðu um kennaramenntun og fjallað um þær í ræðu og riti. Áhrif

Jóns Torfa á þróun kennaramenntunar eru umtalsverð, bæði sem stjórnanda innan háskólans, en ekki síður sem fræðimanns sem vill, enn og aftur, skilja og vekja athygli á mikilvægi kennara sem forvígisfólks breytinga og fagmennsku. Í grein sem hann skrifaði árið 2012, í riti til heiðurs Ólafi Proppé, fyrrum rektor Kennaraháskóla Íslands, segir Jón Torfi: „Sá grunnur menntunar kennara sem ég geri að umtalsefni gerir ráð fyrir mótun öflugrar fagstéttar sem hefur einmitt djúpstæðan skilning á viðfangsefni sínu, ræður vel við það í allri sinni fjölbreytilegu mynd og er ekki síst fær um að hafa frumkvæði að stöðugri þróun til að bregðast við breyttum aðstæðum“ (Jón Torfi Jónasson, 2012).

Í fyrrnefndri grein ræðir Jón Torfi meðal annars eftirfarandi fjögur mikilvæg atriði: 1) Hann færir rök fyrir að kennarar verði að hafa fjölbreytta menntun, að það sé ekki rökrænt eða skynsamlegt að ætla að allir kennarar hljóti sams konar menntun. 2) Hann leggur áherslu á að menntun kennara sé ævilöng og því verði ávallt að ræða um kennaramenntun innan háskóla í því samhengi að þar sé lagður grunnur fagmennsku sem síðan þróist og eflist gegnum starfsþróun, hvort sem hún sé formleg eða óformleg. 3) Hann fjallar því næst um inntak kennaramenntunar og leiðir að því líkum að inntak námsins verði að taka mið af skilgreiningu á hlutverki skóla, skilningi á fagmennsku kennara og þróun hennar, og innsæi eða þekkingu á hlutverki kennaramenntunarstofnunar. 4) Að lokum telur Jón Torfi að greina þurfi skipulega hlutverk aðila og verkaskiptingu þegar kemur að menntun kennara, hver beri ábyrgð á hverju og hver gæti að því að mikilvæg viðfangsefni verði ekki útundan (Jón Torfi Jónasson, 2012). Hér á hann við að það þurfi að ræða og ákveða hvað það er sem háskólar leggi áherslu á í grunnnámi, hvað skólarnir og fagstéttin sjálf beri ábyrgð á, hvert sé hlutverk þeirra sem reka skólana og stýra þeim og hvert sé hlutverk stjórnvalda sem bera ábyrgð á stefnumótun, fjárveitingum og hafa ákveðna eftirlitsskyldu.

Ég tel mikilvægt að hverfa frá þeirri hugsun um skipulag starfsmenntunar að í háskóla fari aðeins fram grunnmenntun starfsstétta (til bakkalár-, meistaraprófs og e.t.v. doktorsprófs) en stöðug endurmenntun og starfsþróun skuli vera slitin frá grunnmenntuninni: Að litið sé á þessi seinni tíma verkefni sem einhvers konar jaðarverkefni sem ekki sé á könnu neins að halda utan um. Þetta er að mínu mati úrelt og til trafala allri eðlilegri þróun starfa og starfsmenntunar. Það er þvert á móti allt sem bendir til þess að áhrifamesta leiðin til fagmennsku og þróunar í starfi sé einmitt á starfsvettvangi. (Jón Torfi Jónasson, 2012)

Tæknin og framtíðin

Jón Torfi var einn af þeim sem fyrst ræddu um áhrif tölvuvæðingar og velti fyrir sér hvernig tæknin myndi breyta áherslum og kennsluháttum í skólastarfi, einkum á árunum 1980-1990. Árið 1990 kom út skýrsla sem hann var fenginn til að gera um framtíð menntunar á Íslandi frá árunum 1985–2010. Hann hefur sagt að ein ástæða þess að hann var fenginn til verksins hafi verið að hann hafi verið talinn manna líklegastur til að geta útskýrt hvers vegna ekki þyrfti skóla að 25 árum liðnum vegna tilkomu tölva sem gætu séð um verkið – en honum datt ekkert slíkt í hug! Þetta er mjög áhugaverð og yfirgripsmikil greining sem ber vott um framsýni höfundar og sérlega góð tók hans á flóknu viðfangsefni. Ég gríp hér niður þar sem höfundur ræðir um tæknina:

Líf okkar og umhverfi er svo sannarlega orðið æði flókið, en það er ekki ljóst að mönnum sé best borgið með því að læra allt um tæknilegar hliðar þessara mála, þótt vitaskuld sé eftirsóknarvert að fólk sé vel upplýst um sem flesta þætti umhverfis síns. Því betri yfirsýn og skilning sem við öðlumst, þeim mun líklegra er að við stýrum tækniflóðinu en látum ekki stjórnast af því. (Jón Torfi Jónasson, 1990, bls. 31, undirstrikun mín)

Sjálfur hefur Jón Torfi sagt við mig að hann hafi undrast hve litlar breytingar urðu innan skólanna þó að tölvurnar hafi komið til sögunnar, en hann hafði spáð að breytingar myndu gerast hægt til að byrja með en yrðu þó á endanum verulegar þegar komið yrði inn á 21. öldina; meðal annars myndi sjálfstæði nemenda aukast verulega með tilkomu margs konar miðlunar. Eins og svo oft áður, þá hittir hann naglann á höfuðið; aðalatriðið í nútímanum er ekki að kenna ungmönnum á tæknina, þau læra á hana sjálf, en áskorunin er að þau skilji hvaða áhrif tæknin hefur og getur haft á líf þeirra

og framtíð. Raunar er það svo að við þurfum öll að átta okkur á því að gervigreind og stafræn tækni eiga fyrst og fremst að þjóna okkar markmiðum, en ekki að ýta undir það að við manneskjur verðum að hugsunarlausum neytendum.

Hlutverk menntarannsakenda og varfærin notkun gagna

Áhersla á rannsóknir er ekki upphafning fjarlægjar fræðimennsku heldur krafa um kerfisbundin tengsl af ákveðnu tagi við þann vettvang sem við þjónum. Það er okkar hlutverk að tengja okkar eigin veruleika og umfjöllun því sem gerist annars staðar í heiminum, því alls staðar er verið að glíma við sömu verkefni, og tryggja að það sem við fáumst við eigi sem greiðasta leið út í daglegt skólastarf. (Jón Torfi Jónasson, 2012)

Þessi tilvitnun kjarnar vel þá sýn Jóns Torfa að menntarannsóknir séu og verði að vera hagnýtar í eðli sínu og unnar í sterkum tengslum við raunveruleika skóla- og frístundastarfs. Jón Torfi hefur unnið með og tengst fræðafólki um heim allan, og hefur ávallt á óeigingjarnan hátt drifið samstarfsfólk með í alls kyns alþjóðleg samstarfsverkefni. Það verður seint hægt að gera öllu framlagi Jóns Torfa á alþjóðavettvangi skil eða lýsa nægilega vel hve stóran þátt hann hefur átt í að flétta mikilvæga alþjóðstrauma inn í íslenska menntaumræðu. Ég hvet áhugasama til að kynna sér heimasíðu hans <https://uni.hi.is/jtj/> þar sem finna má helstu straua og stefnur hans sem fræðimanns, og yfirlit um greinar hans og rit, bæði á íslensku og ensku.

Skoðanir og hugmyndir Jóns Torfa hafa orðið beinskeyttari á síðari árum. Hann hefur skorað á okkur samstarfsfólk sitt innan fræðaheimsins að stíga fram og eiga fleiri alvöru samtöl við kennara, skólastjórnendur og annað fagfólk á sviði menntunar. Fyrir því er rík ástæða:

Það er aðeins einn hópur, eðli málsins samkvæmt, sem hefur aðstöðu til að tryggja sífella þróun menntunar innan skólakerfisins. Það er fagfólkið sem vinnur á vettvangi og hefur fengið til þess formlegt umboð. Það verður að tryggja að allir innviðir kerfisins geri þeim kleift að axla þá ábyrgð sem í þessu felst og njóta þess trausts sem verkefnið þarfnast. (Jón Torfi Jónasson, 2020)

Eitt af því sem er brýnt að fræða- og fagfólk beiti sér af krafti fyrir saman er gagnrýnin og málefnaleg umræða um gögn, tölfræði og margþættar upplýsingar sem fyrir liggja eða er safnað af stjórnvöldum, rekstraraðilum og ekki síst, rannsakendum. Bent hefur verið á að opinber umræða og stjórnsýsla stýrist að miklu leyti af trú á gildi gagna og mælitækja til að taka stefnumótandi ákvarðanir í málefnum samfélags, ekki síst menntunar (Krejsler, 2017). Að mati Jóns Torfa hafa stjórnvöld og margir aðrir oftrú á gildi gagna og þau eru oft túlkun og teygð á óraunhæfan og grunnhygginn hátt. Þetta merkir að sjálfsgögn ekki að Jón Torfi vanmeti gildi gagna. Þvert á móti þá gerir hann sér án efa skýrari og mun betri grein en flestir fyrir mikilvægi vandaðra gagna af ólíku tagi og margvíslegra upplýsinga um menntun og skólastarf. Þessi gögn segi okkur þó, því miður ekki, endilega hvert stefna skuli og þar liggja höfuðvandinn. Rétt er að halda því til haga að Jón Torfi hefur alla tíð nýtt tölfræðileg gögn, og rannsóknir hans sýna svo ekki verður um villst hve mikilvæg hann telur þau til að meta stöðu mála, en þó einkum til að sýna einkenni margvíslegrar þróunar í skólamálu.

Áhyggjur Jóns Torfa og fleiri fræðimanna eru að áherslan á gögn og mælitæki á bæði einstakling og menntakerfi gleypi umræðu um kjarna málsins, sem er markmið menntunar, en þar telur hann þau gagnast furðu lítið:

Áður en gögn koma til sögunnar þarf einmitt að staldra við og gaumgæfa hvaða markmið ráði ferðinni og hversu skynsamleg þau séu. Í öðru lagi þarf að spyrja hvaða leiðir til úrbóta komi til greina, það er hvaða skref væri mögulegt að stíga næst; kæmi kannski margt til greina? Meginspurningin hvað þetta tvennt varðar er þessi: Hve mikið hjálpa gögn okkur til þess að ákvarða markmið og leiðir? Ég tel fjarri að nægilega sé staldrað við þessa spurningu, hvort heldur er í hversdagslegri eða fræðilegri umræðu um gögn og menntun, einkum í skólastarfi. (Jón Torfi Jónasson, 2019, bls. 165)

Í þessu heidursriti er að finna ákaflega fjölbreyttar fræðigreinar sem allar miða að því, á einn eða annan hátt, að varpa ljósi á markmið menntunar, skipulag og viðfangsefni skóla, reynslu og viðhorf ólíkra aðila innan menntakerfisins, og fjallað er um listina að spyrja, um ljóð, sögur og lifandi hugsun. Rit þetta er mikilvægt framlag til að velta upp spurningum um framtíð og tilgang menntunar og ber vott um gróskuna á sviði menntavísinda. Ég vænti þess að við lesturinn kvikni nýjar hugmyndir og að við fyllumst vísdomskrafti til að taka virkan þátt í breytingum og leggja okkar af mörkum til að móta framtíðina. Látum hugsanir, siðferðileg gildi og hugsjónir stýra menntun og móta skólastarf!

Þakkir til Jóns Torfa

Mín gæfa var sú að kynnast Jóni Torfa sem nemandi þegar ég tók mitt fyrsta háskólanámskeið á sviði félagsvísinda; námskeiðið Inngangur að uppeldis- og menntunarfræði sem hann kenndi ásamt samstarfskonu sinni Guðnýju Guðbjörnsdóttur. Leiðir okkar Jóns Torfa lágu aftur saman nokkrum árum síðar þegar ég hóf meistaranám í rannsóknartengdu námi í menntunarfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Jón Torfi var vinsæll kennari því hann bar virðingu fyrir okkur nemendum, mætti vel undirbúinn í kennslustundir og lagði sig allan fram um að ýta við gagnrýninni hugsun okkar nemenda gegnum samræðuna. Síðar varð Jón Torfi aðalleiðbeinandi minn í doktorsnámi. Þar naut ég þess að hafa aðgang að víðtækri þekkingu hans á þróun menntakerfa og endalausri hvatningu til að kafa æ dýpra, afla mér traustra upplýsinga, en hverfa aldrei frá kjarna málsins; því sem ég vildi sjálf segja. Ég kynntist Jóni Torfa einnig á nýjan hátt í gegnum foreldra mína, en faðir minn Páll Skúlason og hann voru traustir vinir og samstarfsmenn um árabíl. Þar kynntist ég betur einstöku sambandi þeirra og Jóns Torfa og Bryndísar Ísaksdóttur, eiginkonu hans, en þau hjónin ferðuðust m.a. um Bandaríkin og Evrópu með foreldrum mínum. Ég þakka Jóni Torfa fyrir ákaflega farsælt samstarf, dýrmætt framlag hans til menntavísinda, leiðsögn hans og góða vináttu. Það er við hæfi að gefa honum orðið í lokin þar sem hann ræðir um framtíð menntunar:

Krafist er breytinga á sviði menntunar, ekki endilega kerfislægra eða stjórnsýslulegra breytinga, heldur ef til vill mun frekar á markmiðum, og alveg örugglega breytinga á innihaldi menntunar. Þekkingu, sem eitt sinn var mikilvæg til að skilja heiminn, til að þroskast sem manneskja og takast á við verkefni lífsins, þarf að skipta út fyrir nýja þekkingu sem gæti legið utan hinna hefðbundnu námsgreina. (Jón Torfi Jónasson, 2016, þýð. mín)¹

Heimildir

- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2011). Samfélagið verður að gera upp við sig til hvers skóli er. *Uppeldi og menntun*, 20(1), 9–25. <https://notendur.hi.is/jtj/greinar/Uppeldi%20og%20menntun%20SEJ%20JTJ%20vidtal%202011.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (1990). *Menntun og skólastarf á Íslandi í 25 ár, 1985–2010*. Framkvæmdanefnd um framtíðarkönnun. Sótt af <https://uni.hi.is/jtj/files/2022/08/menntun-og-skolastarf.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (1992). Ábyrgð og stjórn í íslenskum skólum. *Samfélagstíðindi*, 12(1), 131–148. <https://uni.hi.is/jtj/files/2020/03/%C3%81bylrg%C3%B0-og-stj%C3%B3rn-Samf%C3%A9lagst%C3%AD%C3%B0indi.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (2008). *Inventing tomorrow's university: Who is to take the lead?* Bononia University Press.
- Jón Torfi Jónasson. (2012). Hugleiðingar um kennaramenntun. *Sérri Netlu – Til heiðurs Ólafi J. Proppé sjötugum*. <https://netla.hi.is/greinar/2012/alm/001.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (2016). Educational change, inertia and potential futures. Why is it difficult to change the content of education? *European Journal of Futures Research*, 4, 7. <https://doi.org/10.1007/s40309-016-0087-z>

¹ These demand changes in education, not necessarily in the system or how it operates, but perhaps in its aims, and most certainly in its content. Knowledge that was once powerful to understand the world, to develop as a person and address the challenges of life, should be replaced with new knowledge which may often be outside the traditional disciplines. (Jón Torfi Jónasson, 2016)

Jón Torfi Jónasson. (2019). Óvissa um leiðsagnargildi gagna? Notkun gagna við mótun menntastefnu og skólafarfa. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 161–180. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2019.28.8>

Jón Torfi Jónasson. (2020). Fátt mun breytast sem skiptir máli nema drifkrafturinn komi frá kennurum. *Skólaþræðir – Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2020/12/21/jon-torfi-drifkraftur-kennara/>

Krejsler, J. B. (2017). Capturing the ‘evidence’ and ‘what works’ agenda in education: A truth regime and the art of manoeuvring floating signifiers. Í M. Y. Eryaman og B. Schneider (ritstjórar), *Evidence and public good in educational policy, research and practice* (bls. 21–41). Springer.

